

Fréttir af markaði

Alls námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs rúmum 2,8 milljörðum króna í febrúar. Þar af voru ríflega 452 milljónir króna vegna leiguíbúðalána á meðan almenn útlán námu tæplega 2,4 milljörðum króna, en meðallán almennra útlána nam rúmlega 8,6 milljónum króna.


Ársreikningur Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2007 var birtur þann 1. febrúar á vefsíðu Kauphallarinnar. Þar kemur fram að hagnaður ársins 2007 nam rúmum 2,5 milljörðum króna. Heildareignir jukust um tæpa 64 milljarða en hækkun var á útlánum sjóðsins um rúma 60 milljarða á árinu. Eigið fé sjóðsins í árslok nam rúmum 20 milljarða króna. Eiginfjárlutfall sjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 544/2004 um Íbúðarlánasjóð (CAD-hlutfall) er 7,0% en langtíamarkmið sjóðsins er að hlutfallið sé yfir 5,0%. Hreinar vaxtatekjur námu 3.511 millj. kr. samanborið við 3.5 millj. kr. á árinu 2006.

Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækkaði í febrúar 2008 um 20 - 51 punkta eftir flokkum. Ef lítið er til upphafs ársins 2008 hefur ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækkað um 45 – 155 punkta eftir flokkum.

Veltan með íbúðabréf á markaði var með líflegri móti í byrjun árs 2008 eða rúmlega 534 milljarðar króna á fyrstu tveimur mánuðum, en á sama tíma í fyrra nam veltan tæplega 203 milljörðum króna. Veltan með íbúðabréf nam tæplega 174 milljörðum í febrúar 2008 en var rúmlega 94 milljarðar króna fyrir ári.

Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu var 425 í febrúar samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamatí ríkisins og fjölgaði þeim um 31,2% frá fyrra mánuði, en í janúar var fjöldi þinglýstra samninga 324. Þegar febrúar 2008 er borin saman við febrúar 2007 fækkar kaupsamningum um 39,9% og velta minnkar um 24,8%.


Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu rúmlega 5.7 milljörðum króna í febrúar og voru afborganir íbúðabréfa stærsti hluti þeirra.




Flokkur	Des. 2007	Jan. 2008	Feb. 2008	Meðal líftími	Nafnverð	Eft.st. nafnv.
HFF14	7,32%	6,27%	5,76%	3,1	60,1	44,4
HFF24	6,19%	5,49%	4,99%	7,2	131,0	111,9
HFF34	5,22%	4,88%	4,60%	10,6	129,9	121,1
HFF44	4,89%	4,64%	4,44%	13,7	213,9	205,2

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok febrúar '08. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyrja lánaþyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma. ISK)



Vextir íbúðalánasjóðs 2004 - 2008



Mánaðarleg heildarútlán íbúðalánasjóðs



Útboð, útlán og greiðslur íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2008				
	Áætlun	Raun	Áætlun	Raun
í milljörðum króna	Q1	Q1	2008	jan-feb 2008
Útgáfa íbúðabréfa	11-13	0,0	49-57	0,0
Heildar ný útlán ÍLS	12-14	7,3	57-65	7,3
Greiðslur ÍLS	12-14	7,3	44-52	7,3

Áætlun 2008					
í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Allt 2008
Útgáfa íbúðabréfa	11-13	14-16	12-14	12-14	49-57
Ný útlán ÍLS	12-14	17-19	14-16	14-16	57-65
Greiðslur ÍLS	12-14	11-13	10-12	12-14	44-52

Útboð íbúðabréfa

